



Fjármálaráðherra
Bjarni Benediktsson
Fjármálaráðuneytið
Arnavoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2020

Efni: Niðurfelling virðisaukaskatts við endursölu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinnbifreiða.

Hæstvirtu ráðherra,

Í lögum 50/1998 er í ákvæði XXIV veitt heimild til að fella niður virðisaukaskatt eða telja til undanþeginnar veltu að ákveðnu hámarki, fjárhæð af sölu nýrra rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinnbifreiða. Gildistími ákvæðisins er mismunandi eftir orkugjöfum.

Með erindi þessu vilja Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar, hér nefnd sameiginlega samtökin, vekja athygli á að engin niðurfelling virðisaukaskatts er heimil fyrir endursölu bifreiða sem gerir það að verkum að rekstraraðilar verða að leggja á virðisaukaskatt þegar umrædd ökutæki fara á eftirmarkað. Þessi ráðstöfun er því miður til þess fallin að letja bílaleigur og önnur fyrirtæki eða rekstraraðila til að taka þátt í orkuskiptum. Sem dæmi má nefna að ökutæki eru að jafnaði í tvö til þrjú ár í eigu bílaleigu og ljóst að nýorkuökutæki í eigu bílaleiga verða, miðað við núgildandi ákvæði, mun dýrari á eftirmarkaði en sambærileg ökutæki sem ekki hafa verið í eigu rekstraraðila.

Samtökin leggja til að sú upphæð sem tengist vistvænum ökutækjum sem hafa fengið og munu fá virðisaukaskattsívilnun við fyrstu skráningu verði einnig frádráttarbær frá veltu þegar virðisaukaskattskildir aðilar endurselja vistvæn ökutæki. Sambærileg ívilnun við endursölu og gildir nú við fyrstu kaup er ein helsta forsenda til að markmiðum um orkuskipti bílaflotans verði náð. Samtökin vilja gjarnan eiga fund með fjármálaráðherra til að fara yfir efnisatriði málsins.

Tillagan sem lögð er fram tengist eftirfarandi heimsmarkmiðum:



Fyrir hönd Bílgreinasambandsins.

María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri bílaleigu

Afrit sent á:

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis